

UM HÁLFDAN JÓAKIMSSON

Hálfðan Jóakimsson er fæddur á Mýlaugsstöðum í Múlasókn í Aðal-Reykjadal S. Þingeyjarsýslu 23. september 1808. Foreldrar hans voru: Jóakim Ketilsson og Aðalbjörg Pálsdóttir. Móðir Jóakims og kona Ketils var Halldóra Sigurðardóttir, systir Péturs á Einarsstöðum í Reykjadal. Pétur sá var föðurfaðir (afi) síra Halldórs prófests á Hofi í Vopnafirði. Páll, faðir Aðalbjargar móður Hálfðanar, bjó lengi góðu búi á Héðinshöfða, hann var sonur Halldórs bónda á Skógum í Reykjahverfi, Vigfússonar, Halldórssonar, Bjarnasonar prests í Garði í Kelduhverfi, Gíslasonar. En kona þess síra Bjarna og móðir Halldórs, var Ingunn dóttir Bjarna prests Gamlíelssonar á Grenjaðarstað.

Systir Páls á Héðinshöfða og dætur Halldórs í Skógum voru: Raket móðir síra Jörins Kröyers, seinast á Helgastöðum, og þeirra bræðra. Önnur var Elín kona Þórðar prests, föður amtmanns Páls Melsteds. Þriðja var Björg móðuramma Sigurgeirs prests Jakobssonar á Grund, og enn var Ragnheiður, af henni er kominn Hannes prestur í Fjallabingum.

Hálfðan ólst upp ásamt mörgum börnum hjá foreldrum sínum á Mýlaugsstöðum í mjög mikilli fátækt, en þó var bú það sjálfsbjarga. Er hann var á 12. árinu missti hann föður sinn, en móðir hans hélt þó áfram búskap eftir það í 10 ár, eða til 1830 og var Hálfðan fyrir búi með henni tvö seinustu árin. Þá fluttist hún að Naustum á Húsavíkurbakka.

Hálfðan fór þá að Sigurðarstöðum í Bárðardal til Sigurðar Ketilssonar föðurbróður síns og var hjá honum þangað til vorið 1833 að hann byrjar búskap með konu sinni Aðalbjörgu, dóttur þessa sama Sigurðar. Þau giftust haustið áður, 17. september 1832.

Hæli það er Jakob¹ tók til ábúðar heitir á Brennuási, er það á svonefndri Fljótshéi við Bárðardal, nokkru innar (sunnar) en gegnt Ljósavatnsskarði.

Þarna höfðu fyrir 9 eða 10 árum verið byggðir 3-4 flatreftir kofar á gróðurlitlu moldflagaholti og tveir fátæklingar hokrað þar hver eftir annan. Nálægt 300 af ræktartoppum fékk Hálfðan fyrsta sumarið í kringum kofana. Land það, sem kofum þessum fylgdi, var tileinkað Breiðumýri í Reykjadal og kallað selland þaðan, en Breiðumýri er þjóðeign, en eigi vissu elstu menn um selför þangað nema einusinni hálfsmánaðartíma, og sér enn til þeirra tópta í landshorni norðanverðu. Sá er leigði Hálfðani land þetta með kofunum var þáverandi búandi á Breiðumýri, Jóhannes Kristjánsson faðir Sigurðar stórbónda á Laxamýri, en Breiðumýri er þjóðeign, eins og áður er sagt.

Litlu síðar flutti sig þangað umboðsmaðurinn Jakob Pétursson, er þar bjó síðan og dó þar á tíræðisaldri fyrir fáum árum.

Bústofn Hálfðans var í fyrstu 15 ær, 9 gemlingar, 5 sauðir og 1 hross, og af dauðum munum hið minnsta sem mögulegt var að komast af með. Í fyrstu voru þau hjón aðeins 2, en bráðum græddist honum svo fénaður að hann tók hjú enda hafði hann fyrir stafni að byggja viðunanleg hús, græða upp tún, verka grjót og sprek frá slægjum og færa þannig út engi, og hélt hann með stöðugu fylgi búskap sínum og jarðbótum fram í 24 ár, eður til þess vorið

¹ Þetta hlýtur að eiga að vera Hálfðan /vp

UM HÁLFDAN JÓAKIMSSON

1857 að þau hjón fluttust að Grímsstöðum við Mývatn. Þá var lifandi peningur þeirra nál. 80 ær, 30 sauðir, 76 gemlingar, 5 hestar og kýr, og hið seinasta ár 10 heimamenn. Hús voru nú orðin vel við hæfi þessa fólks og fénaðar, allir veggir að miklu leyti af grjóti og aukið af viðum af sjávarrekum flutt. Við peningshús fjórar hlöður, ræktað tún nálægt 8 dagsláttur, sem að vísu var eigi með neinum ráðum unnt að fá gott eða mikið gras af sökum megurðar og vatnsaga í jarðveginum. Girðing var komin að parti um tún þetta og brunnur grafinn til neysluvatns, sem annars þurfti að sækja 100 faðma á sumrum og 200 faðma á veturnum.

Að öll þessi mannvirki hafi verið vönduð af efni og frágangi sýnir það best, að meirihluti þess mun vera stæðilegt enn þann dag í dag eftir 35 ár síðan Háfdan fór þaðan. Eigi eru ljósar skýrslur til um það, hvað útheyslægjur jukust á Brenniási þessi 24 ár, en varla mun of sagt að tvöfaldast hafi og má af þessu öllu sjá, að Háfdan hefur stigið meira framfarastig á veg til eigin og annarra velfarnaðar heldur en venjulegt er að sést hafi um þær mundir, því síðan er Brenniás álitin sem önnur viðunanleg ábúðarjörð. Sérílagi er ástæða til að álíta að Háfdan hafi verið flestum mönnum betur þeim kostum búinn, er til umbóta þéna í jarðrækt og búnaði, þegar tekið er til greina það er nú skal segja um kjör hans sem landseta.

Þegar Jakob umboðsmaður Pétursson var kominn í Breiðumýri hófst þegar ágreiningur milli hans og Hálfdans útaf afgangi af Brenniáasi. Mun það hafa komið þannig til að Jóhannes sá er áður er getið að leigði Háldani kotið – landið með kofunum – hefur álitnið sig eiga full ráð á kofunum, og hefur ef til vill hjálpað þeim sem fyrst byggðu þá, til að koma þeim upp, en er Jóhannes fór frá Breiðumýri mun hann hafa selt Háldani kofana, og þessi því ekki álitnið sig skyldan að gjalda sömu landskuld eftir landið eitt eins og áður eftir það með kofunum, því heldur sem sumir lögfróðir menn litu svo á, að hann ætti nýbyggjararétt á þessu landi. En hvað svo sem rétt kann að hafa verið í málstað hvers um sig, þá varð af þessum ágreiningi ævarandi þræta, útbyggingar, stefnufarir og ýmsar ertingar á báðar síður, sem hélst alla þá stund sem Háfdan bjó í Brenniáasi, og varð honum á endandum ásamt öðrum, hvöt til þess að leita burtu.

Jörð sú, er hann nú flutti sig að, Grímsstaðir við Mývatn, var af mörgum álitin mikil ókosta og óhappa jörð, og spáðu ýmsir á lakri veg fyrir þeirri ráðabreytni.

Hér var ekki um að gjöra nema leiguábúð í 10 ár. Hús voru stór og mörg en hrörleg, og varð nú enn að taka til húsgjörða meira og minna á hverju ári.

Á Grímsstöðum bjó hann síðan í 17 ár, hafði hann þá byggt upp öll bæjarhús og flest úthýsi, að vísu voru veggir og viðir hinna gömlu húsa til mikils styrks og formi hinu gamla haldið. Þrjár heyhlöður hafði hann og byggt af nýju og part af túngarði. Einnig lukkaðist honum að fá í flestum árum gott gras á tún, sem mjög hafði reynst illt viðfangs.

Efnahagur hans var einatt í góðu lagi, enda þó hann blómgaðist eigi í sama hlutfalli og hin fyrri búskaparár hans.

UM HÁLFDAN JÓAKIMSSON

Vorið 1874 hætti hann búskap og var hjá syni sínum, er tók við búinu og hélt það til 1884, á því tímabili misti hann konu sína í október 1879.

Frá 1884 er sonur hans flutti burtu, varð hann í húsmennsku hjá Sigurjóni bónda Kristóferssyni, er þá fluttist að Grímsstöðum, en vorið 1889 hætti Hálfðan aftur húsmennsku og fluttist þá að Þverá í Laxárdal til Jóns bróður síns, hvar hann dvaldi til dauðadags hinn 23. ágúst 1891 og vantaði hann þá réttan mánuð í 83 ár.

Hálfðan Jóakimsson var í hærra meðallagi á vöxt, vaxtarlagið þreklegt og fagurt, framgangan röskleg og vakandi. Hann var dökkjarpur á hár og skegg, rauðbjartur á yfirlit, andlitið frítt, hátt enni með hofmannavikjum, nefið með lið og mikið nokkuð að framan, brúnir nokkuð miklar, augu dökkgrá, smá og lágu mátulega, svipurinn festulegur og þó blíður og að jafnaði. Lundin var föst og þó framgjörn, var hann jafnan, meðan hann var í Brennuási, kvaddur til forgöngu að meira eða minna leyti í hverju einu er til nýunga eða félagsskapar kom, t.a.m. við verslunarsamtök, félagsskap til jarðarbóta, sauðfjárræktar o.fl. Hann skrifaði að kalla einn rit það um kynbætur sauðfjár og hirðing, sem út kom á Akureyri 1855.

Árið 1845 var Hálfðan fenginn til þess einn með tveimur öðrum, að leita að sauðfjárhögum suður í Vatnajökul og fundu þar þá dal nokkurn, er eigi var áður þekktur, og hafa þangað síðan verið gjörðir fjárleitir úr Bárðardal á hverju hausti.

Það átti án efa mikinn þátt í búsaeld hans hve vel honum var sýnt um sauðfjárrækt, átti hann og flestum betra fjárkyn og sá jafnan svo fyrir að aldrei varð í heyþröng í þau 48 ár, sem hann hafði yfir fénaði að ráða. Á sama hátt hafði hann góða þekking á hestum og fór einkar vel með þá, eins og hann líka hafði ánægju af og góð tök á að temja hesta. Ól hann upp tvo hesta er hann var í Brennuási, er hver reyndist örðum betri.

Hálfðan var, eins og hann í móðurætt átti kyn til að rekja, vel hagur bæði á tré og járn og þurfti því lítið til annarra að sækja í því efni. Hvorki voru kringumstæður til eða aldarháttur sá, að hann fengi nokkra uppfræðing eða kennslu á uppvaxtarárunum. Það var því af eigin hvötum og sjálfdáðum að hann varð fjölhæfur og vandvirkur í höndum, allvel skrifandi, lærði nokkuð í reikningi og kynnti sér allt hvað hann náði til hinar nýrri bækur og fylgdi tímanum.

Eftir að Hálfðan kom í Grímsstaði dró hann sig meira í hlé fyrir félagslegum málum, enda var hann þá farinn að eldast og lundin að þyngjast svo síður mundi una hvikleik þeim og stafestuleysi, sem svo gjarnan eyðir félagsskap vorum í flestum tilfellum, því á sama hátt og hann hafði mjög sterka reglu á, að mæla eigi eða ráðgjöra neitt það er eigi yrði að framkvæmd, eins var það fyrir aðra meira vert að halda orð sín, eða bera ráð sín við hann en marga aðra.

Aðalbjörg kona hans var honum sannarlega meðhjálp og í öllu samtaka því er til velferðar horfi. Hann sagði á banasænginni, að einatt hefði sér orðið ljósara að annaneins dýrgrip hefðu fáir eignast að förunaut á lífsleiðinni. Þau eignuðust 11 börn og komust aðeins 3 á fót,

UM HÁLFÐAN JÓAKIMSSON

eitt þeirra er Jakob borgari á Húsavík, upphafsmaður Kaupfélags Þingeyinga. Hin dóu barnlaus, Jakobína 24 ára, nýgift er hún dó, og Tryggvi 10 ára piltur er hann dó.

29. október 1938

J.Á.J. innritaði.